

pað ljóst
og rólega
er honum
n væri því
þessi kona,
nanni, Mol-
nunnum de-
hefðu bæði
komið í leit-
sannað, að
oss segja til

alls ekki til
ur, að ég hafi
Molitaire-nafn
nafn manns-
umet þess, að
öllum fötum
ekki pyðing-

verða undrun,
ta hverft við.

en hvernig út-
að þér gætuð

er eignmaður
„Dau rifust
ör til New Or-

leans og kom þar á fót peninga-spilahúsi, því hún
hafði lært þá iðn af manni sínum. Þegar þau hitt-
ust aftur af hendingu í París, þá þekkti hún mann
sinn. Og þegar þessi náungi svo fékk, þá hugmynd
að fylgja gimsteinunum eftir yfir um hafið, þá átti
það við fyrirætlanir hans, að látað sættast aftur við
konu sína, svo að hann gæti notað hana sem verk-
færi. Það er skiljanlegt, að það var honum í hag, að
hylja Montalbon nafnið með því, að skera það úr
fötum konunnar, eftir að hafa myrt hana“.

„Fyrirgefðu mér, að ég held áfram þessari rök-
semdafærslu“, sagði Mr. Thaurer, „en mér þykir svo
gaman að því. Þér gerir mig forviða með því, Mr.
Barnes, hvað þér eruð fimur að lesa út verk manna.
En eruð þér nú algerlega viss um, að þetta sé rétt
hjá yður? Setjum svo, að konan hefði fyrir löngu
síðan skorið nafnið úr fötum sínum sjálf, gert það
inhvern tíma þegar hún gekk undir fölskum nöfn-
um, mundi þetta atriði yðar þá ekki tapa nokkru af
pyðingu sinni, eða finst yður það ekki? Það er svo
erfitt að lesa þessar sannanir, sem einungis eru byggð-
ar á líkum, eins og þér vitið sjálfur. Þegar þér svo
hafið mist þennan hlekk úr festinni, hvernig getið
þér þá sannað sekt á þennan Molitaire, eða Montal-
bon? Það, að hann var eiginmaður þessarar konu,
er enginn glæpur í sjálfu sér“.

„Nei“, sagði Mr. Barnes, sem nú var kominn að
þeirri niðurstöðu, að það væri komið meir en mál að
binda enda á þessa þætu. „Það, að hann var eigin-